

Hampiðjan

Skráningarskjal
á iSEC

Júní 2006

Efnisyfirlit

1	Yfirlýsingar	1
1.1	Yfirlýsing útgefanda.....	1
1.2	Yfirlýsing endurskoðenda.....	1
2	Tilkynning til fjárfesta	2
3	Almennar upplýsingar	3
3.1	Útgefandi.....	3
3.2	Starfsemi.....	3
3.3	Hlutfé.....	3
3.4	Réttindi.....	3
3.5	Eignarréttur og framsal.....	4
3.6	Skattamál.....	4
3.7	Málaferli.....	5
3.8	Ágreiningur um yfirtökuskyldu.....	5
3.9	Upplýsingar og gögn.....	5
4	Áhætta	6
4.1	Áhætta tengd fjárfestingum í hlutabréfum.....	6
4.2	Áhættuþættir fyrirtækja í veiðarfæraíðnaði.....	6
5	Ágrip af sögu Hampiðjunnar hf.	7
6	Starfsemi samstæðu Hampiðjunnar hf.	8
6.1	Móðurfélagið.....	8
6.2	Dótturfélög.....	9-11
7	Hlutfé og hluthafar	12
7.1	Hlutfé.....	12
7.2	Hluthafar.....	12
7.3	Verðþróun hluta í Hampiðjunni hf.....	13
7.4	Birtingardagatal.....	13
8	Viðaukar	14
8.1	Samþykktir Hampiðjunnar hf.....	14-16

1 Yfirlýsingar

1.1 Yfirlýsing útgefanda

Stjórn og forstjóri Hampiðjunnar hf., kt. 590169-3079, Flatahrauni 3, 220 Hafnarfirði, lýsa því yfir að upplýsingar í skráningarskjali þessu séu eftir bestu vitund, í samræmi við staðreyndir og að engu mikilvægu atriði sé sleppt sem áhrif geti haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans.

Undirritaðir hafa enga ástæðu til að ætla að veltufjármagn, sem Hampiðjan kemur til með að hafa aðgang að, muni ekki duga til næstu tólf mánaða frá skráningardegi og að þeim vitandi hafi engar veigamiklar breytingar orðið á fjárhagsstöðu félagsins eða stöðu þess á markaði á þeim tíma sem liðið hefur frá því tímabili sem síðasta opinbera endurskoðaða uppgjör nær til.

Hlutfé Hampiðjunnar hf. hefur frá árinu 1992 verið skráð á Aðallista Kauphallar Íslands hf. Undirritaðir telja að félagið hafi uppfyllt kröfur laga og reglna um skráningu og viðskipti í Kauphöllinni að því undanskyldu að félagið hefur ekki að undanförunu uppfyllt skilyrði um fjölda almennra hluthafa.

Reykjavík, 21. júní 2006
f.h. stjórnar Hampiðjunnar hf.

Bragi Hannesson,
stjórnarformaður, kt. 101232-3529

Jón Guðmann Pétursson,
forstjóri, kt. 311259-3779

1.2 Yfirlýsing endurskoðenda

Við undirritaðir, endurskoðendur Hampiðjunnar hf., PricewaterhouseCoopers hf., Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík, höfum endurskoðað og áritað án athugasemda ársreikning Hampiðjunnar hf., fyrir reikningsárið 2005. Við höfum jafnframt kannað árshlutareikning félagsins, sem nær yfir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2006. Við þá könnun kom ekkert fram sem benti til annars en að árshlutreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á því tímabili.

Við staðfestum jafnframt að upplýsingar í skráningarskjali, sem varða reikningsskil Hampiðjunnar hf., eru í samræmi við tilvitnuð reikningsskil.

Reykjavík, 21. júní 2006
f.h. PricewaterhouseCoopers hf.

Ómar H. Björnsson,
löggiltur endurskoðandi

Þórir Ólafsson,
löggiltur endurskoðandi

2 Tilkynning til fjárfesta

Skráningarskjal þetta er unnið af Hampiðjunni hf. Um er að ræða skráningarskjal vegna skráningar hlutafjár Hampiðjunnar hf. á Markaðstorgi fjármálagerna (iSEC), hlutabréfamarkaði sem Kauphöll Íslands hf. starfrækir. Hlutabréf Hampiðjunnar hf. hafa verið skráð á Aðallista Kauphallar Íslands hf. frá árinu 1992, en verða afskráð þar í lok dags þann 30. júní 2006.

Upphaf viðskipta með hlutabréf Hampiðjunnar hf. á iSEC eru áformuð í byrjun dags þann 3. júlí 2006.

Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér efni skráningarskjalsins af kostgæfni, sem og fylgiskjöl með því. Ákvörðun um fjárfestingu í hlutafé Hampiðjunnar hf. er rétt að byggja á sjálfstæðri könnun á félaginu og aðstæðum þess. Skráningarskjalið skal á engan hátt skoða sem loforð um árangur í rekstri eða ávöxtun fjármuna af hálfu Hampiðjunnar hf. Fjárfestum er bent á yfirlýsingar útgefenda og endurskoðenda varðandi skjalið.

Minnt er á að kaup á hlutafé er í eðli sínu áhættufjárfesting og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér vel kafla um áhættu. Ef ekki er getið um annað sérstaklega, eru þær upplýsingar sem birtar eru í skráningarskjalinu miðaðar við þann dag sem hún er gefin út.

3 Almennar upplýsingar

3.1 Útgefandi

Hampiðjan hf., kt. 590169-3079, Flatahrauni 3, 220 Hafnarfirði. Sími 530 3300, fax 530 3309. Vefsvæði www.hampidjan.is.

3.2 Starfsemi

Hampiðjan hf. starfar skv. lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Samkvæmt 3. gr. samþykktu félagsins, er tilgangur þess að stunda veiðarfæraíðnað og annan iðnað, og að reka verslun með eigin framleiðsluvörur og aðrar skyldar vörur.

3.3 Hlutafé

Hlutabréf Hampiðjunnar hf. eru gefin út rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf., ISIN númer bréfanna er IS0000000305.

Skráningarskjal þetta er gefið út vegna skráningar hlutafjár Hampiðjunnar hf. á iSEC, hlutabréfamarkað sem Kauphöll Íslands hf. starfrækir.

Útgefið hlutafé Hampiðjunnar hf. er kr. 500.000.000. Þar af er í eigu útgefanda kr. 208.323 eða 0,0417%.

Stjórn Hampiðjunnar hf. hefur heimild aðalfundar félagsins, sem haldinn var 31. mars 2006, til að kaupa eigin hluti, sbr. 55. gr. hlutafélagalaga. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að samanlögð kaup fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Kaupverð skal hæst vera 10% herra en meðalverð í viðskiptum í Kauphöll Íslands hf. næstu tvær vikur fyrir kaup.

3.4 Réttindi

Hlutabréf í Hampiðjunni hf. eru öll í einum flokki og jafnréttá. Engin sérréttindi fylgja neinum hlut í félaginu og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Hluthöfum er ekki skylt að þola innlausn á hlutum sínum umfram það sem lög bjóða.

Aðeins er hægt að samþykkja aukningu hlutafjár á hluthafafundi. Skv. 4. gr. samþykktu félagsins skulu þeir sem hluti eiga í félaginu, þegar aukning fer fram, eiga forkaupsrétt til kaupa á nýjum hlutum að rétttri tiltölu við hlutaeign sína í félaginu.

Ákvörðun um greiðslu arðs er tekin á aðalfundi félagsins. Samkvæmt venju eiga þeir hluthafar sem eiga hluti í félaginu, þegar aðalfundur fyrir viðkomandi uppgjörssár er haldinn, rétt á greiðslu arðs fyrir það uppgjörssár í samræmi við hlutafjäreign sína. Fyrning réttar til arðs sem ekki hefur verið vitjað fer eftir 3. gr. laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14/1905 og fyrnist hann á fjórum árum.

Hluthafar sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins geta tekið ákvörðun um slit félagsins á hluthafafundi. Fundur sá, er samþykkir félagsslit á lögmætan hátt, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

Um önnur réttindi vísast í samþykktir Hampiðjunnar hf., sem birtar eru í viðauka, og í lög um hlutafélög nr. 2/1995.

3.5 Eignarréttur og framsal

Skrá yfir hluthafa í félaginu er haldin og uppfærð með rafrænni skráningu hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. samkvæmt heimild í 2. mgr. 27. gr. laga nr. 2/1995, sbr. lög nr. 117/1997.

Hlutir eru skráðir við greiðslu á nafn viðkomandi hluthafa í hluthafaskrá félagsins. Eiga allir hluthafar ávallt aðgang að upplýsingum úr skránni á skrifstofu félagsins og geta þar fengið staðfestingu á skráðri hlutafjáreign sinni í félaginu. Gagnvart félaginu skodast hluthafaskráin sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu og réttindum sem honum fylgja. Arður á hverjum tíma, svo og tilkynningar allar til hluthafa, eru sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutar í hluthafaskránni.

Engar viðskiptahindranir eru lagðar á meðferð hluta í Hampiðjunni hf. Hluti í félaginu má selja og veðsetja nema annað leiði af lögum. Um framsal og veðsetningu hlutanna gilda almennar reglur um viðskiptabréf.

Til að fá aðgang að rafrænum hlutum sínum, eiga viðskipti með þá eða innleysa arðgreiðslur, ef þeim er til að dreifa, er nauðsynlegt að hluthafi eigi svokallaðan VS-reikning hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. í gegnum reikningsstofnun, sem gert hefur aðildarsamning við Verðbréfaskráningu Íslands hf. Á VS-reikningnum er haldið utan um verðbréfaeign, viðskipti og arðgreiðslur til hluthafa.

Útskrift frá Verðbréfaskráningu Íslands hf. um eignarhald á hlutum í félaginu telst fullnægjandi grundvöllur að hluthafaskrá og veitir hún full réttindi er samþykktir félagsins mæla fyrir um.

3.6 Skattamál

Hampiðjan hf. uppfyllir skilyrði 5. mgr. 1.tl. B-liðar 30.gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, um frádráttarbærni kaupverðs vegna hluta sem upphaflega voru keyptir fyrir 31. desember 2002.

Hampiðjunni hf. er skylt að halda eftir staðgreiðsluskatti vegna fjármagnstekna af arðgreiðslum sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996 um fjármagnstekjuskatt. Hlutabréf Hampiðjunnar hf. eru stimpilskyld við útgáfu. Skattaleg meðferð hlutabréfa Hampiðjunnar hf. fer eftir gildandi skattalögum hverju sinni.

3.7 Málafarli

Félagið stendur ekki í málaferlum, gerðadómum eða ágreiningi sem kann að hafa veruleg áhrif á fjárhagsstöðu Hampiðjunnar hf. eða dótturfélaga hennar.

3.8 Ágreiningur um yfirtökuskyldu

Yfirtökunefnd tók til skoðunar hvort skylda til að gera yfirtökutilboð hafi myndast í Hampiðjunni hf., þegar breytingar urðu á hlutafjäreign í félaginu þann 18. nóvember 2005. Niðurstaða nefndarinnar, sem gerð var opinber þann 3. desember 2005, var að Fiskveiðahlutafélaginu Venusi hf. væri skylt að gera yfirtökutilboð til annarra hluthafa í Hampiðjunni hf. vegna þeirrar aukningar á hlutafjäreign í félaginu, sem tilkynnt var 18. nóvember 2005. Sjá nánar álit nefndarinnar á vef Kauphallar Íslands hf., www.icex.is/is/takeover_panel.

Þann 15. febrúar sl. lagði Atorka Group hf., kt. 600390-2289, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, fram stefnu í héraðsdómi Reykjaness á hendur Fiskveiðahlutafélaginu Venusi hf., kt. 680269-6029, Strandgötu 11-13, Hafnarfirði. Dómkröfur stefnanda eru að hið stefnda félag verði dæmt til að greiða stefnanda kr. 939.582.147 gegn því að stefnandi framselji honum hlutabréf í Hampiðjunni hf. að nafnverði kr. 109.253.738. Stefnandi byggir kröfu sína á því að með kaupum stefnanda á hlutafé í Hampiðjunni þann 18. nóvember 2005 hafi myndast skylda hjá stefnda til þess að gera öðrum hluthöfum yfirtökutilboð í þeirra hluti.

Stefndi telur að yfirtökuskylda hafi aldrei myndast í Hampiðjunni hf. Þá telur stefndi að jafnvel þó slík yfirtökuskylda kynni að hafa myndast, hafi hún fallið niður þegar stefndi seldi hlutabréf í Hampiðjunni hf., þann 5. desember 2005.

Málið verður dómtekið hjá héraðsdómi Reykjaness þann 12. september nk. Búast má við dómi innan mánaðar frá þeim tíma.

3.9 Upplýsingar og gögn

Ársreikninga, árshlutareikninga og skráningarskjal, sem og önnur gögn sem vísað er til, má nálgast hjá útgefanda, Hampiðjan hf. Flatahrauni 3, 220 Hafnarfirði og á vef hans (www.hampidjan.is). Tilkynningar félagsins til Kauphallarinnar má nálgast á vefsvæði Kauphallarinnar (<http://news.icex.is>).

4 Áhætta

4.1 Áhætta tengd fjárfestingum í hlutabréfum

Fjárfestingar í hlutabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting og á það einnig við um hlutabréf í Hampiðjunni hf. Ávöxtun hlutabréfa kemur fram í arðgreiðslum og breytingu á gengi hlutabréfanna. Engin trygging er fyrir ávöxtun bréfanna í framtíðinni og fjárfestum ber að hafa í huga að jafnvel þótt hlutabréf geti gefið góða ávöxtun er hætta á að fjárfesting í einstökum félögum tapist. Þeim sem hyggjast fjárfesta í hlutabréfum er ráðlagt að huga vel að áhættudreifingu.

4.2 Áhættuþættir fyrirtækja í veiðarfæraíðnaði

Samkeppni meðal fyrirtækja í veiðarfæraíðnaði í heiminum er bæði alþjóðleg og svæðabundin. Flestir af keppinautum Hampiðjunnar hf. í framleiðslu grunneininga veiðarfæra s.s. neta og kaðla, eru staðsettir í suður Evrópu, Indlandi og Kína þar sem framleiðslukostnaður er lágur. Keppinautar Hampiðjunnar í hönnun, framleiðslu og sölu á tilbúnum veiðarfærum eru fjölmargir á öllum helstu mörkuðum félagsins. Samkeppni aðila um viðskipti er mikil og lýtur að veiðihæfni, gæðum, þjónustu og verði. Til að mæta samkeppni frá félögum með framleiðslu í löndum með lágan framleiðslukostnað, hefur Hampiðjan sameinað alla grunnframleiðslu sína í Litháen, þar sem framleiðslukostnaður er hagstæður.

Útgerðarfélög eru langstærsti einstaki viðskiptahópur samstæðu Hampiðjunnar og eru áhættuþættir þeirra því einnig, að verulegu leiti, áhættuþættir Hampiðjunnar. Slíkir áhættuþættir eru m.a. viðkomubrestir í mikilvægum fiskistofnum vegna ofveiði eða breytinga á umhverfispáttum, ákvarðanir stjórnvalda er kunna að takmarka eða banna hefðbundnar veiðiaðferðir s.s. veiðar með botntrolli, flottrolli eða nótum, miklar hækkanir á verði olíu og þar með orkukostnaði fiskiskipa, umhverfisslys eða aðrir þeir atburðir er kunna að valda mengun hafsvæða, skarpar breytingar stjórnvalda á stjórnun fiskveiða s.s. afnám kvótaréttinda og breytingar á samkeppnisstöðu fiskfangs á matvælamörkuðum.

5 Ágrip af sögu Hampiðjunnar hf.

Hampiðjan hf. var stofnuð 5. apríl 1934, þegar efnahagskreppa ríkti í hinum vestræna heimi. Atvinnuástand hér á landi var afar bágborið og efnahagur þjóðarinnar slæmur. Aðalhvatamaður að stofnun Hampiðjunnar, og fyrsti forstjóri hennar, var Guðmundur S. Guðmundsson, vélstjóri. Alls voru stofnendur félagsins 13 talsins, þar af voru átta skipstjórar og þrír vélstjórar. Með stofnun félagsins hófst hér á landi verksmiðjuíðnaður í veiðarfæragerð.

Fyrstu árin framleiddi félagið vörpugarn úr hampi. Á árum seinni heimsstyrjaldarinnar töldu bandamenn sig ekki geta séð af tilbúnum veiðarfærum til Íslands en hins vegar var Íslandi ætlað ákveðið magn af sísalhampi. Til að vinna úr því hráefni var unnið í verksmiðju Hampiðjunnar allan sólarhringinn í nær fjögur ár og þannig komið í veg fyrir stöðvun fiskveiðanna.

Þegar stríðinu lauk, hófst aftur innflutningur á trollgarni, trollnetum, garni og fiskilínu. Á tímum verðbólgu og rangrar gengisskráningar voru starfsskilyrði innlendum veiðarfæraiðnaði á margan hátt erfið. Þegar náttúruleg efni í veiðarfærum viku fyrir gerviefnum, á miðjum sjöunda áratugnum, þurfti félagið á öllu sínu að halda til að takast á við nýja framleiðslutækni og þær fjárfestingar sem þær kölluðu á.

Með bættem starfsskilyrðum fyrirtækja í veiðarfæraiðnaði ásamt aukinni innlendri útgerð, í kjölfar stækkunar landhelginnar, batnaði hagur Hampiðjunnar. Á áttunda áratugnum var staða félagsins orðin nokkuð traust, markaðshlutdeild hér á landi í netum og köðlum komin yfir 75% og útflutningur, mest trollnet, var orðinn mikilvægur í tekjuöflun félagsins. Mest af útflutningnum fór til Danmerkur en einnig var selt til Kanada, Færeyja og víðar.

Frá 1990 hefur félagið lagt áherslu á framleiðslu, sölu og þjónustu á fullgerðum veiðarfærum. Veiðarfæragerðir hafa verið stofnaðar eða keyptar á Íslandi og í Bandaríkjunum, Kanada, Danmörku, Írlandi, Namibíu og Nýja Sjálandi. Þá hefur öll framleiðsla á netum og köðlum verið sameinuð hjá dótturfélagi í Litháen og söluskrifstofa fyrir vörur Hampiðjunnar er starfrækt í Noregi.

Í dag er samstæða Hampiðjunnar alþjóðleg keðja veiðarfæragerða er framleiðir, selur og þjónustar fullbúin veiðarfæri og hefur innan sinna vébanda framleiðslu á grunneiningum þeirra, þ.e. á netum og köðlum. Hampiðjan leggur ríka áherslu á þróun og betrubætur á veiðarfærum og hefur markað sér þá stefnu að vernda vöruþróun félagsins með einkaleyfum þar sem slíkt er hagkvæmt.

6 Starfsemi samstæðu Hampiðjunnar hf.

Samstæða Hampiðjunnar samanstendur af móðurfélaginu og 14 dótturfélögum. Rekstrartekjur félaganna á árinu 2005 voru samtals €73,4 milljónir þar af voru €25,4 milljónir viðskipti innan samstæðunnar, að stærstum hluta kaup félaga samstæðunnar á netum, köðlum og ofurtógi af Hampidjan Baltic UAB í Litháen. Að frádregnum innbyrðis viðskiptum námu rekstrartekjur samstæðunnar €48,0 milljónum.

Hjá félögum innan samstæðunnar voru 527 unnin ársverk á árinu 2005. Í kafla 6.1 og 6.2 er fjallað um félögin innan samstæðunnar. Rekstrartekjur hvers félags eru bæði tekjur þess af sölu innan samstæðunnar og utan.

Rekstrartekjur félaga innan samstæðunnar á fyrsta ársfjórðungi 2006 voru samtals €17,4 milljónir þar af voru €4,9 milljónir viðskipti innan samstæðunnar. Að frádregnum innbyrðis viðskiptum námu rekstrartekjur samstæðunnar €12,5 milljónum.

6.1 Móðurfélagið

Hampiðjan hf.

Flatahraun 3, 220 Hafnarfjörður, Ísland.

- Starfsemi móðurfélagsins, utan þess að hafa yfirumsjón með rekstri dótturfélaga og samstæðunnar í heild, er fjórskipt:
 - **Trolldeild** rekur veiðarfæragerð í Bakkaskemmu, Grandagarði. Áhersla er lögð á framleiðslu og sölu stórra flottrolla, en jafnframt framleiðir deildin botntroll og nætur.
 - **Hleradeild** hannar ýmsar gerðir af toghlerum, lætur framleiða þá hjá undirverktökum í Litháen og Spáni og selur þá fyrir ýmsar veiðar.
 - **Neta- og kaðladeild** hefur umsjón með rekstri Hampidjan Baltic UAB í Litháen og selur vörur þess félags þ.e. net, kaðla, ofurtóg og í vaxandi mæli tilbúin veiðarfæri.
 - **Eigna- og einkaleyfadeild** hefur umsjón með hlutabréfaeign Hampiðjunnar í félögum utan samstæðunnar, en þar er 9,38% eignarhlutur í HB Granda hf. afgerandi stærstur. Einnig umsjón með öðrum eignum er tengjast ekki beint rekstri félagsins ásamt því að hafa umsjón með einkaleyfum og einkaleyfisumsóknum félagsins.
- Rekstrartekjur móðurfélagsins árið 2005 voru €20,3 milljónir.
- Unnin ársverk á árinu 2005 voru 61 talsins.
- Forstjóri félagsins er Jón Guðmann Pétursson.

6.2 Dótturfélög

6.2.1 Swan Net Gundry Ltd. Ltd., Kelly Quay, Killybegs CO, Donegal, Írland.

- Félagið rekur veiðarfæragerðir víða á Írland, auk þess að eiga meirihluta í veiðarfæragerðum í Skotlandi og á austurströnd Bandaríkjanna.

Dótturfélög Swan Net Gundrys Ltd. eru:

- *Coastal Cages Ltd.*
Ballymoon, Kilcar, Co Donegal, Írland.
Eignarhlutur er 100%.
 - *Swan Net Gundry (Scotland) Ltd.*
Maxwell Place Industrial Estate, Fraserburgh, Scotland.
Eignarhlutur 100%.
 - *Commercial Swan Net Lda.*
Loss Carrera 148, Conception, Síle.
Eignarhlutur 60%.
 - *Swan Net East Coast Services Inc.*
3 State Pier, Cloucester, Mass, Bandaríkin.
Eignarhlutur 66%.
- Rekstrartekjur samstæðu Swan Net Gundry árið 2005 voru €13,1 milljón.
 - Unnin ársverk á árinu 2005 voru 68.
 - Framkvæmdastjóri félagsins er Michael Gallagher.
 - Eignarhlutur Hampiðjunnar er 50,5%.

6.2.2 Hampidjan Baltic UAB. Pakruojo 34, LT-76126 Siauliai, Litháen.

- Félagið framleiðir garn, trollnet, kaðla, ofurtóg og tilbúin veiðarfæri.
- Rekstrartekjur félagsins árið 2005 voru €10,5 milljónir.
- Unnin ársverk á árinu 2005 voru 208.
- Framkvæmdastjóri félagsins er Hjörtur Erlendsson.
- Eignarhlutur Hampiðjunnar er 100%.

6.2.3 Tben ehf. Hvaleyrarybraut 39, 220 Hafnarfjörður, Ísland.

- Félagið selur trollnet, kaðla, þorskanet, teina, fótreyplengjur, grandara og ýmiss konar járnavöru til útgerðarfélaga.
- Rekstrartekjur félagsins árið 2005 voru €6,3 milljónir.
- Unnin ársverk á árinu 2005 voru 10.
- Framkvæmdastjóri félagsins er Þorsteinn Benediktsson.
- Eignarhlutur Hampiðjunnar er 100%.

6.2.4 Cosmos Trawl A/S.
Postboks 89, DK-9850 Hirtshals, Danmörk.

- Félagið starfrækir veiðarfæragerðir í Hirtshals og í Skagen á Jótlandi.
- Rekstrartekjur félagsins árið 2005 voru €5,3 milljónir.
- Unnin ársverk á árinu 2005 voru 42.
- Framkvæmdastjóri félagsins er Georg Jensen.
- Eignarhlutur Hampiðjunnar er 60%.

6.2.5 Fjarðanet hf.
Strandgötu 1, 740 Neskaupstaður, Ísland.

- Félagið starfrækir veiðarfæragerðir á Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði, Neskaupstað og Fáskrúðsfirði ásamt því að starfrækja kvíapvott fyrir laxeldi á Reyðarfirði.
- Rekstrartekjur félagsins árið 2005 voru €4,7 milljónir.
- Unnin ársverk á árinu 2005 voru 37.
- Framkvæmdastjóri félagsins er Jón Einar Marteinsson.
- Eignarhlutur Hampiðjunnar er 50,4%.

6.2.6 Balmar Fios Lda.
Parque Industrial Manuel da Mota, Lote 32, Pombal, Portúgal.

- Félagið framleiddi þræði og garn fyrir netahnýtingu Hampiðjunnar í Litháen. Í lok síðasta árs var starfsemi félagsins flutt til Hampidjan Baltic UAB í Litháen.
- Rekstrartekjur félagsins árið 2005 voru €3,3 milljónir.
- Unnin ársverk á árinu 2005 voru 58.
- Eignarhlutur Hampiðjunnar er 100%.

6.2.7 Hampidjan Norge AS,
Skuteviksboden 11, 5035 Bergen, Noregur.

- Félagið leggur áherslu á sölu Dynex ofurtógs til félaga innan og utan sjávarútvegs.
- Rekstrartekjur félagsins árið 2005 voru €2,4 milljónir.
- Unnin ársverk á árinu 2005 voru þrjú.
- Framkvæmdastjóri félagsins er Lúðvík Börkur Jónsson.
- Eignarhlutur Hampiðjunnar er 100%.

6.2.8 Hampidjan NZ Ltd.
30 Vickerman Street, Port Nelson, Nýja Sjáland.

- Félagið starfrækir veiðarfæragerðir í Nelson og Timaru á Nýja Sjálandi.
- Rekstrartekjur félagsins á árinu 2005 voru €2,2 milljónir.
- Unnin ársverk á árinu 2005 voru 14.
- Framkvæmdastjóri félagsins er Sigurgeir Pétursson.
- Eignarhlutur Hampiðjunnar er 100%.

6.2.9 Hampidjan Namibia Ltd.

Ben Amathila Avenue, Walvis Bay, Namibia.

- Félagið starfrækir veiðarfæragerð í Walvis Bay í Namibíu.
- Rekstrartekjur félagsins á árinu 2005 voru €1,8 milljónir.
- Unnin ársverk á árinu 2005 voru 14.
- Framkvæmdastjóri félagsins er Ásmundur Björnsson.
- Eignarhlutur Hampiðjunnar er 100%.

6.2.10 Hampidjan USA Inc.

Terminal 91, Bldg. C155, Seattle Wa 98119, Bandaríkin.

- Félagið starfrækir veiðarfæragerð í Seattle í Bandaríkjunum ásamt því að sinna veiðarfæraþjónustu á vertíðum í Dutch Harbour í Alaska.
- Rekstrartekjur félagsins árið 2005 voru €1,5 milljónir.
- Unnin ársverk á árinu 2005 voru fjögur.
- Framkvæmdastjóri félagsins er Magnús Guðlaugsson.
- Eignarhlutur Hampiðjunnar er 100%.

6.2.11 Hampidjan RNT Ltd.

527-531 Conception Bay, Spaniard's Bay, Kanada.

- Félagið starfrækir veiðarfæragerð í Spaniards Bay á Nýfundnalandi.
- Rekstrartekjur félagsins árið 2005 voru €1,0 milljón.
- Unnin ársverk á árinu 2005 voru 6.
- Framkvæmdastjóri félagsins er David Kelly.
- Eignarhlutur Hampiðjunnar er 100%.

6.2.12 Hampidjan Danmark A/S.

Fabriksvej 8, 6650 Brörup, Danmörk.

- Félagið seldi framleiðsluvörur Hampidjan Baltic UAB í Litháen, mest til danskra veiðarfæragerða. Rekstur félagsins hefur nú verið yfirtekinn af Hampidjan Baltic.
- Rekstrartekjur félagsins árið 2005 voru €0,9 milljónir.
- Unnin ársverk á árinu 2005 voru tvö.
- Eignarhlutur Hampiðjunnar er 100%.

6.2.13 Otter Ultra Low Drag Ltd.

Ugland House, South Church Street, George Town, Cayman Islands.

- Félagið á einkaleyfi er lúta að þantækni í trollum.
- Tekjur félagsins af einkaleyfum á árinu 2005 námu €131 þúsundum.
- Eignarhlutur Hampiðjunnar er 100%.

6.2.14 Candís ehf.

Flatahraun 3, 220 Hafnarfjörður, Ísland.

- Félagið er eigandi að öllu hlutfé félagsins Otter Ultra Low Drag Ltd.
- Félagið hafði engar tekjur árið 2005.
- Eignarhlutur Hampiðjunnar er 100%.

7 Hlutfé og hluthafar

7.1 Hlutfé

Hlutfé Hampiðjunnar hf. er kr. 500.000.000. Nánari upplýsingar um hlutfé og réttindi sem því fylgir er að finna í kafla 3.

Hampiðjan hf. átti kr. 208.323 eigin hluti þann 21. júní 2006.

Engir kaupréttarsamningar hafa verið gerðir við starfsmenn Hampiðjunnar hf. eða dótturfélaga.

7.2 Hluthafar

Þann 21. júní 2006 voru hluthafar Hampiðjunnar hf. 263 talsins. Neðangreindir tuttugu stærstu hluthafar Hampiðjunnar hf. áttu þann 21. júní 2006 samtals kr. 457.196.600 hluti, sem samsvaraði 91,44% af heildar hlutfé:

	Kennitala	Nafn	Hlutfé	%	Uppsafnað %
1	660991-1669	Vogun hf.	142.467.078	28,49%	28,49%
2	600390-2289	Atorka Group hf.	109.253.738	21,85%	50,34%
3	680269-6029	Fiskveiðahlutfélagið Venus hf.	59.263.428	11,85%	62,20%
4	701288-1739	Sjóvá Almennar tryggingar hf.	45.563.840	9,11%	71,31%
5	101232-3529	Bragi Hannesson	20.000.000	4,00%	75,31%
6	110532-3509	Árni Vilhjálmsson	17.273.722	3,45%	78,76%
7	020527-3079	Sigurgeir B. Guðmannsson	12.750.000	2,55%	81,31%
8	050945-2009	Súsanna Sigurðardóttir	7.850.000	1,57%	82,88%
9	250127-3409	Soffía Guðmundsdóttir	6.421.626	1,28%	84,17%
10	621096-3039	VBS Fjárfestingabanki hf.	6.388.778	1,28%	85,45%
11	140624-7569	Unnur Þórðardóttir	4.500.000	0,90%	86,35%
12	040326-5459	Guðlaug Ágústa Hannesdóttir	4.039.767	0,81%	87,15%
13	260539-4429	Sigríður Lára Guðmundsdóttir	3.120.500	0,62%	87,78%
14	691100-9010	Landsbankinn Luxemborg	3.043.188	0,61%	88,39%
15	430171-0469	Ögurvík hf.	2.812.500	0,56%	88,95%
16	540489-5809	Glitnir Sjóðir hf. sjóður 6	2.628.335	0,53%	89,48%
17	010530-7419	Kristín Vilhjálmisdóttir	2.588.491	0,52%	89,99%
18	150239-7969	Bára V. Guðmannsdóttir	2.455.178	0,49%	90,48%
19	060630-3999	Gunnar Guðmannsson	2.450.159	0,49%	90,97%
20	680269-7699	Verkstjórasamband Íslands	2.326.272	0,47%	91,44%
	Samtals 20 stærstu hluthafarnir		457.196.600	91,44%	
	Samtals 243 aðrir hluthafar		42.595.077	8,52%	99,96%
	Eigin hlutir Hampiðjan hf.		208.323	0,04%	100,00%
	Samtals hlutfé		500.000.000	100,0%	

Þann 21. júní 2006 voru aðilar, sem eru fjárhagslega tengdir og eiga yfir 10% hlut í Hampiðjunni hf. eftirfarandi:


Kennitala	Nafn	Hlutfé	%	Uppsafnað %
660991-1669	Vogun hf.	142.467.078	28,49%	28,49%
680269-6029	Fiskveiðahlutafélagið Venus hf.	59.263.428	11,85%	40,35%
110532-3509	Árni Vilhjálmsson	17.273.722	3,45%	43,80%
170343-5499	Kristján Loftsson	1.639.950	0,33%	44,13%
260546-4309	Birna Loftsdóttir	102.000	0,02%	44,15%
	Samtals	220.746.178	44,15%	

Árni Vilhjálmsson, Kristján Loftsson og Birna Loftsdóttir sitja í stjórn Fiskveiðahlutafélagsins Venusar hf. Árni Vilhjálmsson og Kristján Loftsson sitja í stjórn Vogunar hf.

Sjá einnig 3. kafla; ágreiningur um yfirtökuskyldu.

7.3 Verðþróun hluta í Hampiðjunni hf.

Fyrsta viðskiptagengi með hlutabréf í Hampiðjunni hf. á árinu 2003 var 4,25. Síðasta viðskiptagengi í Hampiðjunni, í lok dags 21. júní 2006 var 8,75 en viðskiptin áttu sér stað þann 28. apríl 2006. Meðfylgjandi línurit sýnir verð hluta í félaginu frá ársbyrjun 2003.



7.4 Birtingardagatal*

Uppgjör 2. ársfjórðungs 28. – 31. ágúst 2006
 Ársuppgjör 2006 12. – 16. mars 2007

Birtingaráætlun miðast við að hlutabréf Hampiðjunnar verði afskráð af Aðallista í lok dags 30. júní 2006, en verði í kjölfarið skráð á iSEC, nýjum hlutabréfamarkaði Kauphallarinnar.

8 Viðaukar

8.1 Samþykktir Hampiðjunnar hf.

I. KAFLI

Heiti félagsins, heimili og tilgangur.

1. gr.

Heiti félagsins er Hampiðjan hf.

2. gr.

Heimilisfang félagsins er Flatahraun 3, Hafnarfirði.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að stunda veiðarfæraíðnað og annan iðnað, og að reka verslun með eigin framleiðsluvörur og aðrar skyldar vörur.

II. KAFLI

Um hlutaféð, hlutabréf og hlutaskrá.

4. gr.

Hlutafé félagsins er kr. 500.000.000 –fimmhundruðmilljónir - sem skiptist í einnar krónu hluti eða margfeldi þeirrar fjárhæðar.

Til þess að auka hlutaféð þarf samþykki hluthafafundar. Þeir sem hluti eiga í félaginu, þegar aukning fer fram, eiga forgangsrétt til kaupa á nýjum hlutum að réttu tiltölu við hlutaeign sína í félaginu.

Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn á hlutum nema lög standi til þess.

5. gr.

Hlutabréf félagsins skulu gefin út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Um eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer eftir gildandi lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra.

Engar hömlur eru lagðar á meðferð hlutabréfa í félaginu.

Engum hlut fylgja sérstök réttindi í félaginu.

6. gr.

Hlutaskrá, samanber ákvæði laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa skoðast fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu og skal arður á hverjum tíma svo og tilkynningar allar sendast til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutabréfa í hlutaskrá félagsins.

Félagið ber enga ábyrgð á því að greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna félaginu um bústaðaskipti.

III. KAFLI

Um hluthafafundi.

7. gr.

Lögmætir hluthafafundir hafa æðsta vald í öllum málum félagsins innan þeirra takmarka, sem lög og samþykktir þessar setja. Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð.

8. gr.

Hluthafafundur er lögmætur, ef til hans hefur verið boðað á þann hátt, sem samþykktir þessar og lög mæla fyrir um.

Til hluthafafundar skal félagsstjórnin boða með auglýsingu í útbreiddum fjölmiðlum. Skal fundur boðaður með minnst viku fyrirvara en lengst fjögurra vikna fyrirvara. Í fundarboði skal greina málefni þau, sem taka á til meðferðar á hluthafafundi.

9. gr.

Aðalfund skal halda fyrir lok júnímánaðar ár hvert. Hluthafafund skal halda, þegar félagsstjórn telur þess þörf. Þá skal boða til hluthafafundar innan tveggja vikna, ef endurskoðandi eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins, krefjast þess skriflega og greina frá fundarefni.

10. gr.

Sérhver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir skriflega kröfu um það til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara, að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðanda, sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins.

11. gr.

Hluthafafundi stýrir fundarstjóri sem fundurinn kýs. Formaður félagsstjórnar eða annar, sem stjórnin nefnir til, setur hluthafafund og stjórnar kjöri fundarstjóra. Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara, sem heldur fundargerðarbók. Fundarstjóri skal í byrjun fundarins rannsaka, hvort fundurinn sé lögmætur og gefur um það yfirlýsingu hvort svo sé. Á fundinum gilda að öðru leyti almenn fundarsköp.

12. gr.

Á aðalfundi félagsins skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á hinu liðna starfsári.
2. Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til staðfestingar.
3. Tekin ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins á reikningsárinu.
4. Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnar-manna.
5. Kosin stjórn félagsins sbr. 15. gr.
6. Kosning endurskoðunarfélags skv. 19. gr.
7. Umræður og atkvæðagreiðsla um önnur mál, sem fyrir fundinn eru lögð löglega.

13. gr.

Á hluthafafundi ræður afl atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða lögum. Ef tillaga fær jafnmörg atkvæði með og móti, telst hún fallin.

14. gr.

Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði við kosningu til starfa fyrir félagið, ræður hlutkesti úrslitum.

IV. KAFLI**Stjórn félagsins og forstjóri.****15. gr.**

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum. Formanni, sem hluthafafundur kýs sérstaklega, og fjórum meðstjórnendum. Skulu þeir kosnir til eins árs í senn, en þá má endurkjósa.

16. gr.

Félagsstjórnin ræður öllum málefnum félagsins milli funda, og hefur á hendi allar framkvæmdir fyrir félagið, þær sem heyra til rekstri þess og gætir á allan hátt réttar félagsins gagnvart öðrum, að svo miklu leyti sem félagsfundir eða stjórnin sjálf hefur eigi lagt það í hendur forstjóra með sérstökum samningi við hann.

Undirskrift þriggja stjórnarmanna félagsins þarf til þess að skuldbinda félagið.

Formaður félagsstjórnar boðar til stjórnarfundar, þegar hann telur ástæðu til eða einhver stjórnarmanna hefur sérstaklega óskað þess. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

Stjórn félagsins skal setja sér starfsreglur.

17. gr.

Stjórn félagsins ræður því forstjóra, sem annast daglegan rekstur félagsins og fer með stjórn þess milli hluthafafunda ásamt félagsstjórn.

Forstjóri ræður aðra starfsmenn félagsins, en stjórnin ein getur veitt prókúruumboð.

V. KAFLI**Ársreikningur og endurskoðun.****18. gr.**

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

19. gr.

Ársreikningurinn skal endurskoðaður af endurskoðunarfélagi. Á aðalfundi skal kjósa endurskoðunarfélag til eins árs í senn.

VI. KAFLI**Félagsslit****20. gr.**

Ákveði hluthafar félagsslit eða skiptingu félagsins verður það einungis gert á hluthafafundi af hluthöfum, er ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins. Hið sama gildir um sölu á öllum eignum þess.

Fundur sá, er samþykkir félagsslit á lögmætan hátt, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

VII. KAFLI**Önnur ákvæði****21. gr.**

Hluthafa verður ekki gert án samþykkis síns, að bera ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram hlut sinn í félaginu með neinni breytingu á samþykktum þessum né með neinni ákvörðun hluthafafundar.

22. gr.

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um, hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 2/1995, um hlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.